

AUGLÝSING

76

15. apríl

um breyting á vörugjaldi samkvæmt hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók
nr. 136 16. desember 1938.

Vörugjald samkvæmt 23. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist fyrst um sinn þar til öðruvísi verður ákveðið með 20% viðauka.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 65 8. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Gengur gjaldhækkunin í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

77

16. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hofsóskaupþún nr. 42 7. marz 1939.

1. gr.

Inn í 16. gr. reglugerðarinnar, 5. tölulið, komi nýr stafliður, j., svo hljóðandi:
Af útfluttum, freðnum fiski 5 kr. af hverri smálest.

Stafliður, áður merktum j., verði k.

2. gr.

Gjöld samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar innheimtist frá 1. maí 1940 og út það ár með 50% viðauka.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós, til að öðlast gildi 1. maí 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1940.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

78

23. apríl

fyrir Eyrarbakkakaupþún.

1. gr.

Eyrarbakkahöfn takmarkast sjávarmegin af línu, sem hugsast dregin frá Þorlákshafnarnesi yfir í austustu húsin á Stokkseyri, og hugsaðri línu að vestan, sem liggur um Flóagafi og Óseyrarnes, og að austan um Mundakot og Steinskotsós (Sundmerkin).